TRÚNAÐARMÁL

Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

Harri Ormarsson lögmaður

harri.ormarsson@reykjavik.is

**Útboð pípulagna. nr. 15438-15439-154340**

Húsalagnir ehf hafa nú meira en 20 ára reynslu við að sinna viðhalds- og þjónustuverkefnum vegna pípulagna í fasteignum Reykjavíkurborgar. Samið hefur verið við Húsalagnir á grundvelli tilboða sem fyrirtækið hefur gert í útboðum Reykjavíkurborgar með reglubundnum hætti.

Húsalagnir standa nú sem áður við þau tilboð sem gefin hafa verið.

Tilboð Húsalagna nú eru á sama grunni og áður. Byggt er á þeirri miklu reynslu, sérhæfingu og sérþekkingu starfsmanna Húsalagna sem orðið hefur til við framkvæmd fyrri samninga. Á það við bæði gagnvart lagnakerfum húsanna og skilningur á þeirri starfsemi sem þar fer fram. Oft er um að ræða viðkvæma starfsemi og þarf að haga vinnu í samræmi við það. Þá eru einnig um að ræða mjög sérhæfð og flókin tæknikerfi s.s. lagnakerfi sundlauga. Lykilatriði er að vinnan við yfirferðir í eignum sé vel skipulögð og ná þannig fram sem mestri hagkvæmni. Að þessu leiti skilar reynsla og þekking Húsalagna aukinni hagkvæmni í vinnunni sem endurspeglast svo í þeim verðum sem Húsalagnir bjóða í sínum tilboðum.

Starfsmenn Húsalagna fá greidd laun skv. gildandi kjarasamningum. Tímagjöld sem boðin eru í tilboðum Húsalagna taka mið af því. Húsalagnir njóta einnig góðra kjara hjá öllum helstu efnissölum sem við á og við stærri innkaup vegna efnis er leitað tilboða. Hagkvæm kjör við kaup á efni endurspeglast í verðlagningu í tilboðum Húsalagna.

Áður er búið að samþykkja tilboð Húsalagna í útboði nr. 15437 sem var 42 % af kostnaðaráætlun. Boðið var í allar eignir.

Útboð nr. 15438. Boðið er í allar eignir. Tilboð Húsalagna er 47,95 % af kostnaðaráætlun.

Útboð nr. 15339. Boðið er í allar eignir. Tilboð Húsalagna er 40,31 % af kostnaðaráætlun.

Útboð nr. 15340. Boðið er í 11 eignir af 29. Hlutfall af kostnaðaráætlun 16,57 % er miðað við kostnaðaráætlun í allar eignir er því ekki rétt til samanburðar.

Fh. Húsalagna ehf 20-6 2022

F. h. Húsalagna ehf.